



No 1

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

61.fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn miðvikudag 8.júlí 1981. Mættir voru Jón Böðvarsson skólameistari, Gunnar Sveinsson form. skólanefndar, Hreinn Ásgrímsson, Ómar Bjarnþórsson, Ingólfur Halldórsson aðstoðarskólameistari, Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara, Valtýr Guðjónsson ritari.

Þetta var tekið fyrir:

1. Tilkynningar skólameistara:
 - a. Offsetprentvél, eldri gerð, hefur verið seld, ásamt nokkru af pappír, söluverð kr. 3000,00
 - b. Jón Böðvarsson skólameistari sat skólameistarafund á Akureyri 9.júní sl., sbr.fundargerð áður. Voru þar rædd ýmis mikilvæg skólamál, og gerðar ályktanir, sem koma á dagskrá síðar.
 - c. Kr.15 millj. mismunur pr. 31/12.1980 á fjárfestinga-reikningi við ríkissjóð, á að færast út sem verðbætur.
 - d. Sigurður Erlendsson hefur tekið að sér verklega umsjón í sumar með þeim framkvæmdum, sem yfir standa í verknámshúsi á Iðavöllum 1, og í aðalhúsi skólans sbr. fyrri fundargerðir, og fylgiskjal með þessari fundargerð, frá 22.júní sl.
 - e. Baldur Pálsson tölvufræðingur, ásamt tveim fræðslustjórum og fulltrúa frá Reiknistofnun Háskólans, fóru til Kanada sl.vor, m.a. til að finna heppileg tölvakerfi fyrir úrvinnslu námsgagna og stundaskrár. Niðurstöður þeirra verða gagnlegar fyrir skólann, sbr.fundargerð áður.
 - f. Sérstök nefnd hefur verið starfandi að skipulagningu vélstjóranáms. Kennnt verður eftir nýju kerfi í haust.
2. Menntamálaráðuneytið hefur framlengt setningu eftirtalinna kennara við Fjölbrautaskóla Suðurnesja um eins árs skeið, frá 1.ágúst 1981:

Anna Lea Björnsdóttir, 1/2 starf
 Bergljót Kristjánsdóttir
 Guðni Kjartansson
 Gunnar Þórarinnsson
 Jón A. Valdimarsson
 Konráð Ásgrímsson
 Magnús Ó. Ingvarsson
 Maja Loebell
 Matthías Sæmundsson
 Sigríður Bílddal
 Sturlaugur Björnsson
 Sturlaugur Ólafsson, breytist úr 2/3. í fullt starf
 Sumarrós Sigurðardóttir
 Sævar Reynisson
 Þórunn Friðriksdóttir
 Egir Sigurðsson.

Ekki hefur verið gengið fráráðningu Gísla Torfasonar, þótt skólanefnd lýsi sig meðmælt henni.

3. Próunarnefnd sem kosin var sl. haust, sbr. fundargerð hefur skilað niðurstöðum, á 20 vélrituðum síðum.

Voru þær ræddar á fundinum. Fjallað er um:

- a. skiptingu stjórnunarþátta milli skólameistara, aðstoðar-skólameistara, áfangastjóra og deildarstjóra, námsráðunaut, félagsmálastjóra, kennarafundi og skólanefnd.
- b. Tillögur um skipulag náms í F.S., bóklegt og verklegt.
- c. starfs- og menningarviku, skíðaferðir og íþróttir.

Skólameistari benti á að skoða þyrfti ýmislegt betur í niðurstöðum nefndarinnar, einkum á bls. 5-9. Taldi hann rétt að nefndin héldi einn fund með skólanefnd. Próunarnefndina skipuðu Egir Sigurðsson, Sævar Reynisson, Bergljót Kristjánsdóttir, Maja Lobell og Sturlaugur Ólafsson.

Formaður skólanefndar, Gunnar Sveinsson, taldi vanta í niðurstöður nefndarinnar ýmsa þætti, svo sem:

- a. Framtíðarnámsbrautir, hvað þurfi að kenna eftir 5-10 ár.
- b. Þróun náms í Oldungadeild og námsflokkum.
- c. Skilgreiningu á húsnæðisþörfum
- d. Atvinnulífið í tengslum við skólann
- e. Skólann og byggðir Suðurnesja
- f. Samband og samstarf við Grunnskólana

Aðstoðarskólameistari, Ingólfur Halldórsson, ítrekaði einkum nauðsyn þess að efla samskipti við Grunnskóla á svæðinu.

4. Formaður skýrði frá gangi mála varðandi verklegar framkvæmdir, sem nú standa yfir í verkmámshúsi og skólahúsinu sjálfu á l.hæð. Teikningar lágu fyrir og voru þær samþykktar. Skólameistari lagði fram bréf sem hann hafði ritað fjármálaráðherra og menntamálaráðherra varðandi framkvæmdirnar, þar sem sótt var um aukafjárveitingu úr ríkissjóði allt að kr. 660.000 á þessu ári. Fjármálaráðherra hefur tekið málinu vel, og sterkar vonir eru um hið sama af hálfu menntamálaráðherra. Framkvæmdaáætlunin miðar að því að ljúka aðgerðum í byggingamálunum á þessu ári, sbr. fylgiskjal frá 22. júní sl., í stað þess að skipta henni á tvö ár, 1981 og 1982.

5. Skólameistari skýrði frá því, að nýnemaumsóknir í skólann næsta haust, væru um 140, eða álíka margar og í fyrra á sama tíma. Þá eru umsóknir eldri nemenda (val) um 160, en dráttur hefur jafnan orðið á vali margra, og veldur það töfum við undirbúning námsskipulagsins á næstu önn -haustönn-

Fleira ekki gert.

Valtýr Guðjónsson.